

Efni erindis:

## **Athugasemd við deiliskipulagstillögu fyrir lóðirnar 1 – 2 við Bala á Patreksfirði.**

Það er spurning hver eða hverjir teljast eða teljist ekki hagsmunaaðilar í þessu máli.

Ég sem íbúi í þorpinu á Patreksfirði tel mig hagsmunaaðila þar sem nýting lóðarinnar og uppbygging á henni varðar svip og útlits þorpsins og varðar því alla íbúana. Þess vegna er alls ekki sama hvernig fyrirhugað er að byggja á lóðunum eða hvaða byggingar skuli settar þar niður.

Meginskoðun mín er sú að alls ekkert eigi að byggja á þessari landspildu, halda síðustu leifum Geirseyrartúnsins óspilltu opnu svæði.

En ef bæjarstjórnin vill heimila byggingar á þessari landspildu, sem er sú allra dýrmætasta í þorpinu, á það að vera lágrest mannvirki eingöngu í þágu samfélagsins til dæmis **leikskóli eða stjórnstöð – ráðhús bæjarfélagsins**. Alls ekki að láta þá spildu í hendur einkaaðila.

Komið hefur fram auka þurfi leikskólarými með nýrri byggingu. Ég sé engan stað sjálfsagðari eða heppilegri innan þorpsmarkanna fyrir leikskólabyggingu. Tómt mál (skipulagslegt klúður og ómöguleiki) er að tala um byggingu í Króknum við núverandi leikskóla eða í nánnum tengslum við hann.

Íbúðarhúsabyggingar sem hugsaðar eru landspildunni (þeirri síðustu grænu) 1 og 2 við Bala ættu öllu heldur að rísa á flötinni ofan við Þórsgötu 6 og utan Bjarkargötu með viðeigandi snotri útfærslu.

Að lokum.

Mér virðast bæjaryfirvöld Vesturbyggðar – fagaðilar – embættisfólk og viðkomandi ráð og nefndir – alls ekki hafa í huga að tryggja græn opin svæði í þorpinu og næsta nágrenni þess í skipulagstillögum. Það sama á við um Bíldudal. Þvert á móti er verið að ganga á þau og búta í sundur eins og dæmin sanna.

Fyllsta þörf er á hugarfarsbreytingu í þágu grænna opinna svæða. Patrefjarðarþorp þarfnast aukins andrýmis og hafa þarf auga fyrir fegurðargildi samfellu lands í Bíldudal.

Patreksfirði 27. ágúst 2022

Með kveðjum

Úlfar B Thoroddsen íbúi í Patreksþorpi vel yfir 70 ár telur sig hagsmunaaðila á Geirseyrartúni umfram flesta aðra.